

Fundargerð 2. stjórnarfundar

Vatns- og fráveitufélags Íslands, VAFRÍ

Haldinn: Kot, í VRÍI - húsi Verk- og raunvísindadeildar HÍ við Hjarðarhaga.

Tími: 13. Sept. 2012 kl. 9.00-10:30

Viðstaddir: Aldís Ingimarsdóttir (AI), Dagur Jónsson (DJ), Hrund Ó. Andradóttir (HÓA), Íris Þórarinsdóttir(ÍÞ) og Jónas Elíasson (JE).

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Bókhald og innheimta félagsgjalda
3. Fyrsti félagsfundur
4. Lógó VAFRÍ
5. Vefsíða VAFRÍ
6. Önnur mál

1. Fundargerð síðasta fundar

Farið yfir fundargerð síðasta funda og hún samþykkt.

2. Bókhald og innheimta félagsgjalda.

ÍÞ leggur til að hún sendi póst á alla félagsmenn þar sem fólki er vinsamlegast beðið um að greiða félagsgjöldin innan mánaðar á heimabankanum. Í emailinu verður einnig stutt kynning á því hvað stendur til hjá félaginu. Ef félagsgjöld eru ekki greidd um það bil innan mánaðar mun birtast reikningur á heimabanka þar sem kostnaður við þá þjónustu leggst ofan á félagsgjaldið.

Ákveðið var að taka síðar á útfærslum við rukka fyrirtæki. Stjórn þarf að þróa tillögu og bera fram á næsta aðalfundi félagsins.

3. Fyrsti félagsfundur

Stefnt er að halda málþing um lífræna skólphreinsun á Íslandi í nóvember nk. Sótt hefur verið um að OR (Orkuveita Reykjavíkur) hýsi málþingið og bjóði uppá kaffi. HÓA og ÍÞ kynntu hugmyndir að dagskrá og fyrirlesurum, sem voru ræddar á fundinum. DJ lagði áherslu á samvinnu við Samorku með að halda þingið sem og önnur þing, Samorka hefur fjármagn og möguleika á að halda námskeið og fleira en VAFRÍ vill ýta undir fræðilega og hagnýta þekkingu við gerð vatns- og fráveitna. DJ benti á að samvinna við Samorku væri því mikið hagsmunamál fyrir félagið. Ákveðið var að bjóða UST, Samorku og OR að halda málþingið með VAFRÍ. HÓA heldur utan um minnisblað sem fjallar nánar um dagskrá og útfærslu á málþinginu. HÓA og ÍÞ munu hafa samband við fyrirlesara og senda lokadagskrá á stjórn til umsagnar. DJ mun tryggja aðkomu Samorku að þinginu.

4. Lógó VAFRÍ

Þessum lið var frestað þar til á næsta fundi.

5. Vefsíða VAFRÍ

Umhverfis- og byggingarverkfræðideild Háskóla Íslands hefur boðist til þess að borga stofnkostnað og hýsingu á vefsíðu VAFRÍ, hýsta á vefsetri. HÓA upplýsti að félagið muni þó þurfa að greiða kostnað við lén, um það bil 7000 kr. HÓA var með uppkast að efni á heimasíðuna sem farið var í gegnum og gerðar nokkrar endurbætur. Ingi Rafn markaðsstjóri Verkfræði og nátturuvísindasviðs HÍ, kynnti dæmi um hvernig vefur myndi líta út. Hann myndi verða tengill við að setja upp síðuna í byrjun.

DJ kom með tillögu um að funda með Vatns og fráveitu-fagráði sem er innan Samorku áður en heimasíðan er fullgerð um hvernig þessi félög vinna saman og hvar verksvið félaganna skarast.

Íþ fékk tilboð hjá einkaaðila í að setja upp einfalda heimasíðu með lénið VAFRÍ.is. Tilboðið hljóðaði uppá kr 40.000 + hýsing (2000 kr pr mánuð) + 7000 kr fyrir lénið. HÓA benti á að öruggara er að hafa þetta undir HÍ á meðan sjóður félagsins er lítill og öll starfsemi er unnin í sjálfböðavinnu.

Einróma samþykkt var að setja upp heimasíðu hjá HÍ. Þegar peningur verður kominn í sjóð VAFRÍ er stefnt á að kaupa lénið VAFRÍ.is til að auðvelt verði að finna síðu félagsins á internetinu. Leggjum ekki áherslu á það í byrjun.

6. Önnur mál

a. Skráning félags

HÓA hefur látið skrá félagið og lagði út fyrir kostnaðinum, kr 5000, þar til peningur er kominn í sjóð VAFRÍ.

b. Nýskráning félaga

AI mun halda utan um félagaskrá og nýskráningu. Til að verða skráður nýr félagsmaður má senda ritara (AI) email (aldisi@ru.is) þar sem fram þarf að koma; nafn, heimilisfang, símanúmer, kennitala og vinnustaður viðkomandi. AI mun gera einhvers konar form sem fylla á út við nýskráningu.

c. Flóðahandbókin

JE kynnti handbók fyrir hönnunarverkfræðinga í útreikningum á flóðum samkvæmt M5 aðferð sem þróuð hefur verið hjá Vatnaverkefistofu HÍ. Bókin er á tölvutæku formi og fylgja henni forrit og kort. Skúli Þórðarson vann bókina ásamt JE fyrir Vegagerðina. Þeir munu geta haldið námskeið í notkun bókarinnar.

Innskot af heimasíðu Vegagerðarinnar frá ritara/AI: Tilgangur bókarinnar er að stuðla að samræmdri, öruggari og ódýrari hönnun á fráveitulögnum, vegræsum, brúaropum og veituvirkjum.

Fundi var lokið um kl. 11:30

Fundarritari: Aldís Ingimarsdóttir, aldisi@ru.is